stofnaður yrði lagaskóli á Íslandi, en þegar bœnarskrár þær, sem áður hafa komið frá **59**
þinginu, eru bornar saman við frumvarp þetta, verður það ljóst, að þær í verulegum 28. febr.
atriðum eru því frábrugðnar.

Þannig hefir bæði alþingi og stjórnin áður gengið út frá því, að það væri nauðsynlegt, að fela yfirdómurunum að hafa kennsluna við lagaskólann á hendi jafnframt þeirra eigin embættisstörfum, og var með því ætlast til bæði að ná hinum beztu kennslukröptum og einnig að spara kostnaðinn við að hafa fasta kennara, en lagafrumvarpið er alveg horfið frá þessu, með því þar eru ákveðin 2 föst sjálfstœð kennaraembætti með 6400 kr. launum.

Enn fremur er í frumvarpinu gjörð sú verulega breyting á hinni fyrri uppástungu, að lögfrœðingar frá skóla þessum hafi aðgang að öllum lagaembættum á Íslandi jafnt við lögfrœðinga frá háskólanum, þar sem þó hin æðri yfirvalda- og dómaraembætti eptir hinum fyrri tillögum voru áskilin hinum síðar nefndu. Stjórnin hefir því síður getað fallizt á þessa ákvörðun, sem það má fyrirsjá, að af henni mundi leiða það, að lögnemendur framvegis hættu að sœkja háskólann, en eptirköstin myndu verða, að þeir í vísindalegu tilliti yrðu skaðlega afskekktir ekki einungis frá danskri lögvísi, heldur og frá hinum almennu áhrifum norðurálfunnar í lögfrœðislegum og stjórnfrœðislegum efnum.

Enn fremur var það áður talin aðalástœða til að stofna lagaskóla á Íslandi, að aðsókn lögfrœðisnemenda til háskólans væri svo lítil, að vanta mundi menn í lagaembættin. Þessari ástœðu verður nú ekki lengur borið við, þar eð þær breytingar eru áorðnar, að nú sem stendur stunda 10—15 Íslendingar lögfrœði við háskólann. Af þessu sýnist mega ráða, að eptir nokkur ár verði tala kandídata orðin meiri en svo, að embætti verði til handa þeim öllum á Íslandi fyrst um sinn, svo að það jafnvel myndi vera mjög ósanngjarnt gagnvart Íslendingum þeim, er lesa við háskólann, að hvetja aðra til að keppast við þá um embættin, en slík hvöt mundi vera falin í því, að stofna nú lagaskóla í landinu sjálfu, og auk þessa mundi landinu þar með bakaður ónauðsynlegur kostnaður.

Þá skal loks tekin fram ein ástœða, sem eptir skoðun ráðgjafans algjörlega talar á móti því, að tilraun sje gjörð til að koma stefnu þessari á framfœri. Þessi ástœða er sú, sem þjer herra landshöfðingi einnig hafið bent á, að hvorki nú sem stendur, nje fyrst um sinn eptirleiðis getur álitist mögulegt að útvega slíka kennslukrapta, sem nauðsynlegir væru til þess, að stofnunin gæti náð ákvörðun sinni og fullnœgt kröfum þeim, er með rjettu mætti af henni heimta.

Þjer eruð herra landshöfðingi beðnir að gjöra heyrum kunnugt innihald brjefs þessa í stjórnartíðindunum.

— *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* verðlagsskrár. **60**
— Samkvæmt allra þegnlegustum tillögum ráðgjafans að meðteknu þóknanlegu brjefi 28. febr.
yðar herra landshöfðingi frá 12. nóvbr. f. á. hefir það 27. þ. m. þóknast hans hátign konunginum allramildilegast að fallast á, að konungs úrskurði frá 16. júlí 1817 megi breyta á þá leið, að hvert sýslufjelag landsins eptirleiðis fái sjerstaka verðlagsskrá, en að Reykjavíkur kaupstaður hafi sameiginlega verðlagsskrá með Gullbringusýslu, og aðrir kaupstaðir landsins með þeim sýslum, er þeir liggja í, en að öðru leyti skal eptir sem áður beita reglum þeim, sem gefnar eru í fyrnefndum konungs úrskurði.

Þetta er hjermeð þjónustusamlega tjáð yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar, birtingar og ráðstöfunar.